



## Lesblinda

Hólmfríður E. Guðmundsdóttir  
kennari og Davis-ráðgjafi



1. - 3. mynd. Hluti af leirvinnu sem fer fram á námskeiðinu.

Fyrir hartnær fjórum árum heyrði ég talað um ameríska aðferð kennda við Ron Davis þar sem lesblindu var líkt við náðargáfu og væri þar af leiðandi eiginleiki sem fólk ætti jafnvel að vera ánægt með að búa yfir. Miðað við reynslu mína í gegnum kennslu og erfiðleika náins ættingja við bóknámið datt mér síst í hug að tengja eitthvað jákvætt við lesblindu. Í raun fannst mér þetta frekar lítillækkun við þá einstaklinga sem barist hafa í gegnum skólakerfið með mismikilli aðstoð eða litlum skilning á vandamáli sínu. „Dæmigert amerískt skrum og hraðsuðulausn gaf ég út algjörlega fordómalaust!“

Eftir nánari eftirgrennslan og með opnari huga tók viðhorfið að breytast smátt og smátt. Í dag starfa ég sem Davis-ráðgjafi og hef séð ótrúlegar framfarir hjá mörgum einstaklingum. Þetta er engin hraðsuðulausn heldur hörkuvinna eins og gengur í öllu námi.

Það sem er svo sérstakt við Davis aðferðafræðina er einmitt þessi jákvæða nálgun í gegnum eiginleika sem alla jafnan eru samhliða lesblindu. Eins og áður segir er að sjálfsögðu ekki um neina töfralausn að ræða en nemendur upplifa á stundum ákveðna hugljómun og er það líklega vegna þess að

sá hæfileiki sem lesblindunni fylgir er nú virkjaður til að yfirvinna hindranirnar.

Hæfileikinn lýsir sér í myndrænni hugsun og að geta séð fyrir sér í þrívídd en einmitt sá eiginleiki getur valdið erfiðleikum þegar unnið er með tvívíð tákni eins og stafi. Öll erum við þannig að við höfum tilhneigingu til að nota það sem við erum góð í og þess vegna beitir lesblindur einstaklingur þrívíddargáfunni ósjálfrátt á stafi og tákni. En þar virkar hún alls ekki, stafir geta snúist, víxlast og jafnvel horfið og heilu setningarnar misskiljast.

Með Davis aðferðinni lærir fólk að stjórna athygli sinni og einbeitingu og er í raun að þjálfra skynjun sína upp á nýtt þannig að það verður auðveldara að lesa og skrifa og úthald eykst í allri textavinnslu. Flestir eru að eðlisfari bæði myndrænir og orðrænir en lesblindir eru nánast undantekningarlaust miklu meira myndrænir. Það þýðir að orð þurfa að eiga sér mynd í hugarum til að fullur skilningur náist. Þegar mikið er af myndlausum orðum í texta er líklegt að sá lesblindi missi þráðinn, það kemur eyða í frásögnina og athyglin er flogin.

Parna kemur leirinn til sögunnar. Við búum til myndir fyrir myndlaus orð í leir eftir að hafa flett upp í orðabók, velt fyrir okkur mismunandi

merkingu og notkun eftir samhengi og búið til setningar út frá orðinu. Þetta er mikil vinna og aðeins lítill hluti gerður á sjálfu námskeiðinu. Svo fullur árangur megi nást er nauðsynlegt að leira öll myndlaus orð í íslensku en þau eru talin vera yfir 300. Öll þessi leirvinna getur nýst í að efla kunnáttu í öðrum tungumálum, stafsetningu og stærðfræði svo eitthvað sé nefnt.

Það er gaman að geta þess að Mímir-símenntun hefur frá árinu 2004 staðið fyrir námskeiðum fyrir fullorðið fólk með lesraskanir. Námskeiðið, AFTUR Í NÁM, er 90 kennslustundir og er 40 stundum af því varið í einkatíma þar sem við beitum Davis aðferðinni.

Nú nýverið útskrifaðist tífundi hópurinn og fleiri námskeið eru fyrirhuguð. Margir nemenda hafa farið í áframhaldandi nám auk þess sem þeir hafa öðlast trú á eigin getu og tekið miklum framförum í lestri og skrift svo dæmi séu tekin. Verkefnið er styrkt af fræðslusjóðum stéttarféлага en stærsta fjárframlagið kemur frá stjórnvöldum með samningi menntamálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Það má meta til 7 eininga á framhaldsskólastigi samkvæmt námskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út.